

Ed.

281. Frumvarp til laga

[226. mál]

um vélstjórnarnám.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

I. KAFLI

Grundvallaratriði.

1. gr.

Vélstjórnarnám skal vera í fjórum stigum er verði grundvöllur að mismunandi atvinnuréttindum. Hverju námsári er skipt í tvær námsannir, haustönn og vorönn:

1. stig vélstjórnarnáms, námstími ein námsönn.
2. stig vélstjórnarnáms, námstími fjórar námsannir.
3. stig vélstjórnarnáms, námstími sjö námsannir.
4. stig vélstjórnarnáms, námstími tíu námsannir.

2. gr.

Sá, sem lýkur einhverju stigi vélstjórnarnáms, á rétt á atvinnuheiti í samræmi við nám sitt og lög um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum. Sama rétt eiga þeir, sem eftir eldri lögum hafa lokið prófi frá Vélskóla Íslands eða mótórfræðinámskeiði Fiskifélags Íslands.

II. KAFLI

Vélstjórnarnám.

3. gr.

Hlutverk og meginmarkmið vélstjórnarnáms er að veita nemendum bóklega og verklega menntun, sem gerir þá hæfa til að taka að sér störf í þágu atvinnuveganna til lands og sjávar í samræmi við atvinnuréttindi, sem ákvörðuð eru í lögum.

Vélskóli Íslands skal veita menntun á öllum stigum vélstjórnarnáms, en auk þess er öðrum framhaldsskólum heimilt að annast vélstjórnarmenntun eftir því sem henta þykir og menntamálaráðuneytið heimilar.

4. gr.

Inntökuskilyrði í vélstjórnarnám eru:

1. Að umsækjandi hafi lokið grunnskólaprófi með tilskildum árangri eða hlotið hliðstæða menntun.
2. Að umsækjandi sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla sem geti orðið honum til tálmunar við starf hans.
3. Að umsækjandi hafi lokið 9. stigi í sundi.
4. Menntamálaráðuneytinu er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um sérstaka undirbúningsmenntun til inngöngu í vélstjórnarnám.

Heimilt er að meta nám umsækjenda sem lokið hafa námsáföngum úr öðrum skólum inn í vélstjórnarnám innan marka námsáfanga vélstjórnarnámsins.

III. KAFLI

Vélskóli Íslands.

5. gr.

Vélskóli Íslands starfar í Reykjavík. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn hans. Það ræður skólameistara svo og fasta kennara. Stundakennara ræður skólameistari í samráði við menntamálaráðuneytið. Skólameistari og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Ráðherra skipar sjö manna skólanefnd með þessum hætti: Tveir nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu Vélstjórafélags Íslands, tveir eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, einn eftir tilnefningu Kennarafélags Vélskóla Íslands og einn eftir tilnefningu Skólafélags Vélskóla Íslands úr hópi reglulegra nemenda skólans, en formaður nefndarinnar skal skipaður án tilnefningar. Sjö varamenn skipaðir með sama hætti. Tilnefning nemenda-fulltrúa gildir til eins árs, en hinna til fjögurra ára.

Skólanefndin skal fylgjast með rekstri skólans og hafa eftirlit með kennslutilhögum og námsefni. Hún skal vera skólameistara til ráðuneytis um mikilvæg atriði varðandi stjórn skólans, fylgjast með þróun vélstjórnarmenntunar, gera tillögur um stefnumörkun í málefnum skólans, stuðla að sem nánustum tengslum hans við atvinnulífið og gera tillögur um breytingar á reglugerð skólans, ef ástæða þykir til. Þá skal nefndin fjalla um umsóknir um skólameistara- og kennarastöður og senda menntamálaráðuneytinu umsagnir um umsækjendur. Skólameistari situr fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti, nema þegar fjallað er um mál, sem varða hann persónulega.

Ráðherra setur skólanefnd, skólameistara og kennurum erindisbréf.

6. gr.

Vilji nemandi, sem lokið hefur einhverju stigi vélstjórnarnáms taka sveinspróf í málmiðnagreinum, skal hann eiga rétt á styttingu verklegs námstíma til sveinsprófs vegna verknáms í Vélskóla Íslands. Einnig skal hann eiga rétt á undanþágu að meira eða minna leyti frá námi og prófum í iðnskóla vegna vélstjórnarnámsins. Iðnfræðsluráð skal gera í samráði við Vélskóla Íslands tillögur um þessi atriði til menntamálaráðuneytisins sem staðfestir þær.

7. gr.

Vélskóla Íslands er heimilt að gefa nemendum kost á valgreinum til undirbúnings framhaldsnáms eða sérhæfingar í starfi. Jafnframt skal hann halda uppi endurmenntun fyrir starfandi vélstjóra eftir því sem fjármagni er veitt til og aðstæður leyfa. Setja skal nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd endurmenntunar.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

8. gr.

Kostnaður við vélstjórnarkennslu sem fram fer í Vélskóla Íslands samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði, en kostnaður af vélstjórnarkennslu sem fer fram í fjölbrautaskólum greiðist með sama hætti og annar kennslukostnaður þar.

9. gr.

Menntamálaráðuneytið skal setja reglugerð um vélstjórnarnám, þar sem kveðið skal á um kennsluskipan, skólahald, námsefni, prófnefndir, prófreglur, einkunnastiga og endurmenntun.

10. gr.

Sá, sem staðist hefur próf 1., 2., 3. eða 4. stigs vélstjórnarnáms, á rétt á prófskírteini, er gefið skal út bæði á íslensku og ensku, eftir fyrirmynd, sem menntamálaráðuneytið setur. Á skírteininu skal getið þeirra námsgreina, sem nemandinn hefur verið prófaður í og einkunna, sem hann hefur hlotið.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985. Frá sama tíma eru úr gildi numin lög nr. 67/1966, um vélstjórnarnám, svo og önnur lagaákvæði, er fara í bága við lög þessi.

Þeir, sem hefja vélstjórnarnám haustið 1985 skulu lúta ákvæðum laga þessara, en þeir, sem áður hófu vélstjórnarnám skulu ljúka því samkvæmt eldri lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeim vélstjórnarmönnum er starfað hafa á undanþágu í a. m. k. 24 mánuði hinn 1. janúar 1985, skal boðið upp á vélstjórnarnámskeið, sem haldin verða í öllum landshlutum skólaárin 1984–1985 og 1985–1986 til öflunar takmarkaðra vélstjórnarréttinda. Námskeið þessi veita réttindi til yfirvélstjórastarfa á skipum með vélstærð allt að 750 kw. (VS. III). Menntamálaráðuneytið skal sjá um framkvæmd námskeiðanna og ákveða námsefni í samvinnu við Vélskóla Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 27. júní 1984 skipaði menntamálaráðuneytið þriggja manna nefnd til að endurskoða lög um vélstjórnarnám nr. 67/1966 með tilliti til laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarda á íslenskum skipum nr. 77/1984. Í nefndinni áttu sæti: Stefán Ólafur Jónsson, deildarstjóri, menntamálaráðuneyti, formaður, Andrés Guðjónsson, skólastjóri Vélskóla Íslands, og Helgi Laxdal vélfræðingur, formaður Vélstjórafélags Íslands.

Nefndin tók strax til starfa og hefur samið frumvarp til laga um vélstjórnarnám og er því ætlað, ef að lögum verður, að leysa af hólmi lög um vélstjórnarnám nr. 67/1966.

Á meðan nefndin starfaði fór fram endurskoðun laga nr. 77/1984 um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarda og áttu allir nefndarmenn jafnframt sæti í 8 manna nefndinni, sem endurskoðaði þau lög. Af þeim sökum var unnt að ræða menntunarkröfur, sem gera skal til vélstjórnarmanna, samfara atvinnuréttindum þeirra. Þetta leiddi til þess að umræðan um námsskipulag og námskröfur varð markvissari en ella hefði orðið.

Nefndin kynnti sér eftir föngum skipulag vélstjóramenntunar grannlandanna og kom þá í ljós að vélstjóramenntun hefur þar verið augin til að mæta tækniþróun síðustu ára, en hún hefur gert vaxandi kröfur til þeirra manna sem taka að sér stjórn stærri og fullkomnari véla, en vélbúnaður skipa verður sífellt fjölbreyttari og flóknari sem kunnugt er. Af þeim sökum leggur nefndin til lengingu á námi vélstjóra til mestu réttinda. Hins vegar leggur nefndin til að dregið verði jafnframt úr kröfum til 1. stigsins, þ. e. í námi vélavarda. Náminu er sem áður skipt í 4 stig, en námstími er nú mismunandi langur til hvers stigs. Nefndin taldi að með því að stytta námstíma til minnstu réttinda væri líklegt að tækist að mennta nægan mannafla fyrir smæstu bátana í fiskiskipaflotanum. Þá telur nefndin að til þess að fullnægja þörfum atvinnulífsins þurfi ekki nema lítill hluti þeirra sem stunda vélstjórnarnám að ljúka efsta stigi námsins, sem nú verður 5 ára nám í stað 4 ára sem nú er, þar sem þeirrar menntunar er aðeins krafist fyrir störf við stærstu vélar. Í lagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að ýmsir framhaldsskólar/fjölbrautaskólar geti annast um kennslu til lægri stiga vélstjórnarnáms þar sem tækjabúnaður til kennslunnar þarf ekki að vera mjög dýr og kennslan ekki eins sérhæfð og verður á efri stigum námsins. Hins vegar leggur nefndin til að Vélskóli Íslands verði eftir sem áður aðalskóli landsins á þessu sviði, hann sjái um kennslu á efri stigunum og annist jafnframt endurmenntun starfandi vélstjóra.

Nefndin leggur til að unnið verði að því að mennta vélstjóra sem starfað hafa á undanþágu frá ákvæðum laga um menntun. Í því skyni eru sett ákvæði í lagafrumvarpið sem kveða á um að þessum mönnum verði gefinn kostur á að sækja námskeið til að afla sér réttinda. Með þessum hætti telur nefndin að mætti á skömmum tíma komast hjá því að veita þurfi mönnum heimild til vélstjórastarfa á skipum sem ekki hafa hlotið menntun til starfsins. Það verður að teljast æskilegt bæði frá hagrænu sjónarmiði og af öryggisástæðum að allir vélstjórnarmenn hafi hlotið menntun til starfsins. Gert er ráð fyrir að unnt verði að ljúka námskeiðunum fyrir undanþágumennina á tveimur árum.

Til nýmæla má telja að í lagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að vélstjórnarnáminu verði skipt í annir til samræmingar við það skipulag sem tekið hefur verið upp í fjölbrautaskólum og ætti það að auðvelda nemendum, sem stunda nám í heimabyggð, að fá það metið inn í vélstjórnarnámið er þeir leita þangað. Hið sama gildir, ef þeir vilja fá vélstjórnarnámið metið inn í aðrar námsbrautir.

Hér að framan hafa verið nefndar helstu breytingarnar sem lagðar eru til frá lögnum 1966. Að öðru leyti vísast til frumvarpsins sjálfs og skýringar við einstakar greinar þess.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Grundvallaratriði.

Við 1. gr.

Í greininni er fylgt þeirri reglu, sem var í eldri lögnum, að vélstjóranámið skuli vera í fjórum mismunandi stigum, sem hvert fyrir sig er skýrt afmarkað. Hvert stig skal veita sérstök atvinnuréttindi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að nám til 1. stigs styttest um eina önn, nám til 3. stigs lengist um eina önn og nám til 4. stigs lengist um tvær annir. Til þess að öðlast fyllstu vélstjórnarréttindi er gerð krafa um sveinspróf í málmiðnagrein sbr. lög um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavaraða. Lenging námstímans er því m. a. vegna aukins verknáms iðnfræðslunnar, en Vélskólinn er einn af iðnfræðsluskólum landsins, samanber reglugerð um iðnfræðslu frá 25. ágúst 1981.

Við 2. gr.

Mælt er svo fyrir í greininni, að hver sá, sem lýkur einhverju stigi vélstjóranáms, eigi rétt á atvinnuheiði í samræmi við nám sitt og lög um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavaraða á íslenskum skipum. Sama rétt eiga þeir, sem eftir eldri lögum hafa lokið prófi frá Vélskólanum eða mótfræðinámskeiðum Fiskifélags Íslands.

II. KAFLI

Vélstjórnarnám.

Við 3. gr.

Í eldri lögum var Vélskóli Íslands með aðsetur í Reykjavík skyldaður að halda námskeið úti á landi. Framkvæmdin varð þó með þeim hætti að iðnskólarnir á Akureyri, Ísafirði og Vestmannaeyjum tóku að sér að sjá um námskeiðin. Úr þeim urðu til deildir þar sem kennt var til 1. og 2. vélstjórastigs. Þeir nemendur sem vildu halda áfram fóru til Reykjavíkur og luku 3. og 4. stigi þar.

Síðar komu fjölbrautaskólar sem gáfu kost á vélstjórnarnámi. Því er nú unnt að taka hluta af vélstjórnarnámi við ýmsa framhaldsskóla á landinu. Þess vegna þykir nefndinni rétt að heimilað sé í lögum að halda uppi kennslu á vélstjórnarbrautum í ýmsum framhaldsskólum/fjölbrautaskólum samkvæmt sérstakri heimild menntamálaráðuneytisins.

Við 4. gr.

Inntökuskilyrðin samkvæmt grein þessari eru ekki í verulegum atriðum breytt frá því, sem áður var. Þó er fallið frá því að umsækjandinn sé orðinn 18 ára að aldri til inngöngu í skólann. Í frumvarpinu eru inntökuskilyrðin þau að umsækjandi hafi lokið grunnskólaprófi með tilskildum árangri eða hlotið hliðstæða menntun. Skólinn starfar eftir áfangakerfinu. Heimilt er að meta nám sem umsækjendur hafa lokið í öðrum skólum inn í vélstjórnarnámið innan marka námsáfanga vélstjórnarnámsins. Umsækjandinn getur því tekið töluvert af vélstjórnarnáminu í framhaldsskóla í heimabyggð þó að ekki sé þar starfrækt vélstjórnarbraut t. d. íslensku, dönsku, ensku, stærðfræði, efnafræði, teikningu og verknám sé það í boði.

III. KAFLI

Vélskóli Íslands.

Við 5. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur farið með yfirstjórn Vélskóla Íslands og er það óbreytt samkvæmt greininni. Skipun skólanefndar er breytt þannig að tveir nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu Vélstjórafélags Íslands og er það óbreytt, nema að því leyti að í eldri lögum er gert ráð fyrir tveim stéttarfélögum sem nú er búið að sameina. Tveir eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og er það fjölgun um einn frá eldri lögum. Áður tilnefndi Fiskifélag Íslands annan þennan fulltrúa. Þar sem skipafloti landsmanna skiptist í flutningsskip og fiskiskip er talið hagkvæmt að hvor þessara aðilja eigi sinn fulltrúa í nefndinni. Einn eftir tilnefningu Kennarafélags Vélskóla Íslands. Það er nýmæli og gert eftir eindreginni ósk Kennarafélagsins, og einn eftir tilnefningu skólafélags Vélskóla Íslands úr hópi reglulegra nemenda skólans, er það fækkun um einn frá eldri lögum. Formaður nefndarinnar skal skipaður án tilnefningar.

Rétt þótti að taka inn orðið skólameistari í stað skólastjóri því þróunin hefur verið sú að stjórnendur framhaldsskólanna eru nú ýmist kallaðir rektorar eða skólameistarar og félag þeirra heitir Skólameistarafélag Íslands.

Þá er í greininni skilgreint betur en áður var hlutverk skólanefndar og ákvæði um að ráðherra setji skólanefnd, skólameistara og kennurum erindisbréf.

Við 6. gr.

Þessi grein kveður á um tengsl vélstjórnarnáms og iðnnáms og að settar skuli ákveðnar reglur um styttingu námstíma til sveinsprófs vegna verknáms og bóknáms í Vélskóla Íslands.

Vélskóli Íslands er viðurkenndur sem einn af iðnfræðsluskólum landsins og getur hann gefið út að loknu fjórða stigi burtfararprófskírteini iðnskóla. Þetta er mikilvægt fyrir þá sem ljúka 4. námsstigi og þurfa vegna laga um atvinnuréttindi að afla sér sveinsprófs í málmíðnagrein.

Við 7. gr.

Í greininni er skólanum veitt heimild til að gefa nemendum kost á valgreinum til sérhæfingar í starfi, t. d. í orkuverum, frystihúsum eða við skiparekstur (vélaeftirlit) og til að undirbúa sig undir framhaldsnám í skólum heima og erlendis.

Þá eru ákvæði í greininni um að skólinn skuli halda uppi endurmenntun fyrir starfandi vélstjóra.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

Við 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Við 9. gr.

Í greininni er kveðið á um að menntamálaráðuneytið setji í reglugerð ákvæði um kennsluskipan, skólahaldið, námsefni, prófnefndir, prófreglur, einkunnastiga og endurmenntun.

Nefndin taldi að hyggilegra væri að ákveða þessi atriði með reglugerð fremur en að festa þau í lögum, þar sem breytingar í þessum efnum geta reynst nauðsynlegar án þess að breyta þurfi lögum um vélstjórnarnámið.

Við 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Við 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þessi ákvæði eru samhljóða ákvæðum í frumvarpi til laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarda.

Nefndinni þótti sjálfsagt að taka þessi ákvæði einnig inn í lög um vélstjórnarnám.

Ástæður sem liggja til grundvallar þessu ákvæði eru þær að reynt skuli að leysa á raunhæfan hátt þann vanda sem undanþágur til vélstjórastarfa hafa skapað á liðnum árum. Árin 1983 og 1984 störfuðu milli 670 og 680 vélstjórar á undanþágu hvort ár. Um 75% þessara undanþága eru til manna án nokkurra réttinda og starfa við vélstjórn véla minni en 750 kw. og er námskeiðunum ætlað að bæta úr þessu og ætlunin er að þeir sem ljúka náminu öðlist rétt til vélstjórnar á vélar allt að 750 kw. stærð.

Menntamálaráðuneytið skal sjá um framkvæmdina í samvinnu við Vélskóla Íslands.